

Snæfellsbær
Hildigunnur Haraldsdóttir
Klettsbúð 4, Hellissandi
360 SNÆFELLSBÆR

Garðabær, 25. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0054
LA

Efni: Umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir Ölkeldu, frístundabyggð.

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 22. febrúar 2024, þar sem Snæfellsbær óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ölkeldu í Snæfellsbæ. Svæðið er innan frístundabyggðar (F4) í Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031. Á svæðinu eru þegar risin tvö hús og áætlað er að skipuleggja sjö frístundalóðir til viðbótar. Stærð skipulagssvæðisins er um 9 ha og nýjar lóðir verða að lágmarki 3000 m² að stærð.

Náttúrufræðistofnun skilaði umsögn um skipulagslýsingu 5. janúar 2024 og hefur kynnt sér tillögu að nýju deiliskipulagi og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að sett er ákvæði í skipulagið um að óheimilt er að gróðursetja innan frístundabyggðar plöntur sem eru ekki hluti af íslensku flórunni og að skilgreindar eru gönguleiðir um svæðið til að lágmarka áhrif gangandi fólks á lífríki, sérstaklega fuglalíf.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við nýtt deiliskipulag Ölkeldu.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

